

Nr.	Matsþættir	VÆGI	10-8 stig	7-4 stig	3-0 stig	
1	Lýsing verkefnis	15%	Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, markmiðin ljós, rökstuðningur góður og afurð verkefnisins ljós.	Lýsing á verkefninu takmörkuð, markmið og rökstuðningur í lagi, líklegt að verkefnið skili ásættanlegri afurð.	Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi, markmið óljós, rökstuðningur takmarkaður og afurð óljós.	Ef umsókn fær 3 stig eða lægra fyrir einhvern af liðum nr. 1-3 telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi, þá þurfa lesarar ekki að fylla út restina af matinu.
2	Verk- og tímaáætlun	10%	Verk- og tímaáætlun, sundurliðuð og trúverðug, vörður skilgreindar.	Verk- og tímaáætlun ásættanleg.	Verk- og tímaáætlun ófullnægjandi.	
3	Kostnaðaráætlun /Fjármögnun	10%	Kostnaðaráætlun og fjármögnun skýr og líkleg til að ganga eftir, vel sundurliðuð, trúverðug.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ásættanleg.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ófullnægjandi.	
4	Tengsl við Sóknaráætlun	15%	Verkefnið fellur mjög vel að áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.	Verkefnið fellur að áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.	Ekki ljóst hvernig verkefnið tengist áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.	
5	Staðsetning	5%	Verkefnið fer fram á Norðurlandi vestra og umsækjandi býr í landshlutanum.	Verkefnið fer að hluta til eða öllu leyti fram á Norðurlandi vestra en umsækjandi býr ekki í landshlutanum.	Verkefnið fer ekki fram í landshlutanum nema að litlu leyti.	
6	Samfélagsleg áhrif / virði	15%	Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum á einn eða fleiri þætti: atvinnu, menningu, mannlíf og samfélag.	Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og virði fyrir samfélagið.	Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif og virði þess fyrir samfélagið óljóst.	
7	Hæfni/samstarf	10%	Hlutverk teymis/samstarfsaðila eru vel skilgreind og líkleg til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið er líklegt til að leiða til ávinnings fyrir alla aðila.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila eru nokkuð vel skilgreind og verkefnið kann að hafa jákvæð áhrif.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila eru lítt skilgreind og samstarf óverulegt. Ávinningur verkefnis óljós.	
8	Líkur		Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga miðað við ofangreinda þætti. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda eindregið til þess að verkefnið muni ganga vel.	Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda til þess að verkefnið hafi möguleika á að takast vel. Bakgrunnur umsækjenda og forsendur verkefnisins benda til þess að verkefnið muni ganga vel.	Mjög litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Ofangreindir þættir benda ekki til þess að verkefnið takist vel. Bakgrunnur umsækjenda og/eða forsendur verkefnisins eru ekki líklegar til þess að verkefnið muni ganga vel.	
9ATV	Nýnæmi	5%	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vöru eða þjónustu á landsvísi eða í landshlutanum.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til svæðisins eða nærumhverfis.	Lítið nýnæmi flest í verkefninu.	
10ATV	Atvinnu- og nýsköpunargildi	15%	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með töluverðum afleiddum áhrifum. Líkur eru á að því fylgi aukin fagmennska og/eða fjölbreytni í störfum.	Líkur eru á að verkefnið stuðli að atvinnusköpun alla vega tímabundið. Nokkrar líkur eru á afleiddum áhrifum og því kann að fylgja aukin fjölbreytni í störfum.	Lítill eða óljós atvinnusköpun fylgir verkefninu og takmarkaðar líkur á afleiddum áhrifum.	Blár litur á bara við um ATV - Atvinnuþróunar og nýsköpunarverkefni
9MEN	Nýnæmi	5%	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni, frumsköpun eða jákvæð áhrif á menningarlíf eða samfélag.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til svæðisins eða nærumhverfis.	Lítið nýnæmi flest í verkefninu.	Bleikur litur á bara við um MEN - Menningarverkefni
10MEN	Listrænt /menningarlegt gildi	15%	Verkefnið mun hafa talsverð áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.	Verkefnið mun hafa nokkur áhrif á listrænt eða menningarlegt gildi svæðisins.	Ekki ljóst hvernig verkefnið muni hafa áhrif á listrænt eða menningarlegt gildi svæðisins því til framdráttar.	
9STO	Stofn & rekstur	20%	Umsækjandi lýsir mikilli fagmennsku, skýrri hugsjón og sterkri framtíðarsýn. Markmið verkefnis eru skýr og menningar og samfélagslegt gildi verkefnis fyrir Norðurland vestra er ótvírætt.	Umsækjandi lýsir nokkurri fagmennsku og ákveðnum markmiðum og/eða framtíðarsýn. Menningar- og samfélagsgildi verkefnis fyrir Norðurland vestra er nokkuð sannfærandi.	Umsækjandi er ekki lögaðili eða hefur afar takmarkaða starfssögu. Tilgangur starfsemi er óljós og gildi verkefnis fyrir Norðurland vestra er óljóst.	Grænn litur á bara við um STO - Stofn- og rekstrarstyrki